

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 12. apríl 2018 kl. 9:30, en þetta var 61. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, og Magnús Jóhannsson, en sá síðarnefndi ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar og Runólfur Pálsson. Eyjólfur P. Haraldsson var forfallaður.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (15. mars 2018) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan

a) Orð og heiti sem tengjast „experiment“ (12 færslur), „trial“ (2 færslur), „study“ (13 færslur) og „survey“ (3 færslur). Einnig orð og heiti sem tengjast „test“ (38 færslur). Þessir listar höfðu verið sendir fundarmönnum fyrir fundinn. Farið var yfir listana á fundinum og gerðar fáeinar breytingar og viðbætur. Þetta verður síðan birt í Orðabankanum á næstu dögum.

b) Fyrirspurn barst frá Lyfjastofnun um „cardiac failure“ og „congestive cardiac failure“ og hvort gera þurfi greinarmun á þessum tveimur hugtökum. Þessi fyrirspurn var kynnt á síðasta fundi og þar var ákveðið að bera hana undir sérfræðing. Svör sérfræðingsins voru rædd og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að gera verði greinarmun á þessum tveimur hugtökum þar sem „cardiac failure“ sé hjartabilun og „congestive cardiac failure“ blóðfylluhjartabilun.

c) Kynnt var fyrirspurn frá Embætti landlæknis um það hvort afhenda megi þýðinguna á ICD-10 (SKAFL) í eTranslation Term Bank (eTTB). Áður hafði nefndin heimilað að nota megi íðorðasafnið í þetta verkefni. Formaðurinn mun kanna málið betur og erindið verður að líkindum afgreitt formlega milli funda.

3. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 17. maí 2018 kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:40.